



Árstíðabundið rof

Ljóst koldíoxíðhrím (eða þurrís) setur sterkan svip á þessa farvegi sem sorfnir eru í yfirborðið. Á vorin, þegar árstíðabundna pólhettan sem er úr þurrís gufar upp (þurrgufar, þ.e. fer beint úr föstu formi í gas), verður örlítið rof í farvegnum á lagmótum íssins og yfirborðsins.